



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2306
komudagur 21.4.2008

Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2008
2008040172/34.01/HB/jh

Efni: Athugasemdir sóttvarnalæknis við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, sbr. Þskj. 825 – 524. mál.).

Almennar athugasemdir

Meginefni þessa frumvarps snýst um viðskiptahagsmuni annars vegar og sóttvarnir hins vegar.

Framkvæmdastjórn ESB setti það sem skilyrði fyrir yfirtöku á nýju matvælaöggjöfni og þátttöku í Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) að undanþága varðandi búfjárafurðir yrði endurskoðuð. Í VII. kafla frumvarpsins er að finna gildistökuákvæði. Lögin munu taka gildi 27. apríl 2008 hvað varðar allar matvælategundir aðrar en kjöt, mjólk og egg. Hvað þessar matvælategundir varðar og afurðir úr kjöti, mjólk og eggjum taka lögin gildi eigi síðar en 27. október 2009. Fram kemur að unnið sé að því að fá svokallaðar „viðbótartryggingar“ vegna salmonellu sem þýðir að ESB tekur tillit til þess hve salmonellusýkingar eru fátíðar á Íslandi. Slíkar viðbótartryggingar þýða að takmarka má tiltekinn innflutning til að fyrirbyggja útbreiðslu tiltekins sjúkdóms.

Mikilvægt er að Matvælastofnun skuli samræma allt matvælaeftirlit í landinu og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmd matvælaeftirlits almennt sem heilbrigðisnefndirnar skulu lúta. Rétt er að benda á að greina þarf á milli eftirlits með starfsemi annars vegar og vöktun og viðbragða hins vegar. Skilgreina þarf nákvæmlega hvað það er sem á að vakta. Hér á landi hafa til að mynda kampýlobaktærsýkingar verið vaktaðar í kjúklingaeldi ekki síður en salmonellusýkingar. Viðbrögð við þeirri vöktun hafa skilað miklum árangri fyrir lýðheilsu hér á landi.

Löggjöf um hollustuhætti í fódurriðnaði sem byggist á ákvörðun ESB nr. 138/2007 var innleidd í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um hollustuhætti í fódurriðnaði. Reglugerðin fjallar um fódur og er beint að fódurfyrirtækjum og stjórnendum þeirra sem bera frumábyrgð á að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar til að tryggja fóduröryggi. Fóduröryggi er grundvöllur matvælaöryggis en dýraheilbrigði hefur stóru hlutverki að gegna í hollustu matvæla. Fódurfyrirtæki eru tilkynningarskyld til yfirvalda og sum þurfa á starfsleyfi að halda. Þetta er nauðsynlegt m.a. til að tryggja rekjanleika fódurs á öllum stigum. Reglugerðin nær til fódurframléiðslu og eftir atvikum til markaðssetningar eða útflutnings fódurs. Hlutverk lögbærs



eftirlitsaðila er að sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðarinnar og skal eftirlitsaðili gera það samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 882/2004. Fóðurfyrirtækjum ber hins vegar að hafa kerfi innra eftirlits með sama hætti og matvælafyrirtæki.

Ástæða er til að vekja athygli á því að rannsóknarstofur sem fengið hafa sýni til rannsókna vegna innra eftirlits hafa ekki skyldu til að tilkynna greiningu á hættulegum sýklum. Hafa rannsóknarstofur varpað þeirri ábyrgð á stjórnendur fyrirtækja í fóðurframleiðslu og matvælaíðnaði. Þetta fyrirkomulag býður hættunni heim. Til samanburðar má geta þess að rannsóknarstofur sem taka sýni úr mönnum er skylt að tilkynna um hættulega sýkla til sóttvarnalækni til jafns við lækna sem greina sjúkdóminn.

Athugasemdir við einstaka greinar.

I. KAFLI. Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

Um 17. gr. Hér er að finna mikilvæga heimild til handa Matvælastofnunar til skyndiskoðunar og sýnatöku þegar rökstuddur grunur er um að matvælin séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða geti valdið dýrasjúkdómum.

Þetta ákvæði þarf að vera ljósara því skilja má að ákvæðið feli einungis í sér áhrif á dýr. Menguð matvæli geta valdið sjúkdómum í mönnum. Matvælastofnun þarf að geta brugðist við ef tilkynning kemur frá sóttvarnalækni um sjúkdóm í mönnum og rannsókn á vegum sóttvarnalækni hefur gefið vísbendingar um þátt tiltekinnar matvöru eða dýra í viðkomandi sjúkdómi.

Um 18. gr. Ákvæði er um að í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirbyggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa. Þær skulu vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Rétt þykir að kveðið sé á um það í lögum hvenær heimilt er að grípa til varúðaráðstafana án þess að fyrirbyggjandi séu óbyggjandi gögn um að viðkomandi vara muni hafa í för með sér heilsuspillandi áhrif.

Þessi varúðarregla er mikilvæg en jafnframt vandmeðfarin. Áhættumatið er gert af Matvælastofnun og eftir atvikum sóttvarnalækni ef um sjúkdómstilvik í mönnum er að ræða. Ástæða er til að minna á að Matvælastofnun og sóttvarnalæknir hafa með sér náð samráð sbr.

2. mgr. 11. gr. laga nr. 19/1997.

Í ljósi þessa er lagt til að 2. málslíður 3. mgr. 18. gr. orðist svo:

“Ráðherra skal að fenginni tillögu Matvælastofnunar grípa til slíkra aðgerða”.

Um 19. gr. Fagna ber því að leiki rökstuddur grunur um að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna skulu hlutaðeigandi eftirlitsaðilar upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu manna.

Hverjir eru “hlutaðeigandi eftirlitsaðilar”? Er ekki rétt að segja með skýrum hætti að það sé hlutverk Matvælastofnunar og eftir atvikum sóttvarnalækni að meta áhættuna?

Þá segir að slíkar ráðstafanir eftirlitsaðila skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er matvælin sem um er að ræða, tegund matvæla, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

Sama spurning og áður. Hver metur eðli og umfang þeirrar áhættu sem kann að vera á ferðum? Samkvæmt sóttvarnalögum er það ótvírætt skylda sóttvarnalækni að tilkynna um



eðli og áhættu sem snýr að mannfólki (sbr. 5. gr. laga nr. 19/1997) og það er hlutverk heilbrigðisstarfsmanna að rannsaka sjúklinga, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna vegna eftirlits sem fram fer skv. 1. mgr. Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns matvælaeftirlits eða upplýsinga sem falla undir 18. gr. a. Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta niðurstöður eftirlits er varða eitt matvælafyrirtæki eða fleiri eftir atvikum.

Rétt er að benda á að ráðherra gæti hagsmuna matvælaframleiðenda annars vegar og hagsmuna lýðheilsunnar hins vegar einkum með tilliti til sóttvarna. Hætt er því við hagsmunaárekstrum.

Þvi er iagt til að 2. og 3. mgr. 19. greinar falli brott en þess í stað sett ákvæði í lögnum um að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar rannsóknarniðurstaðna.

Um 21. gr. d. Fagna ber því að ákvæði um valdheimild Matvælastofnunar eru skýr telji hún hættu stafa af tiltekinni starfrækslu. Þá segir að Matvælastofnun skuli sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráðar eða alvarlegar matarsýkingar, matareitranir eða önnur vá svipaðs eðlis. Jafnframt er sagt að starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndir skulu tilkynna um slík mál til yfirlæknis viðkomandi heilsugæslu eða sóttvarnalæknis, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

Í sóttvarnalögum eru ákvæði um tilkynningarskyldu í báðar áttir og skýr ákvæði um hvernig brugðist skuli við með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að fyrstu vísbendingar um mengunarvandamál sem tengjast dýrum, matvælum, stafsemi og öðru í umhverfi eru oftast en ekki sjúkdómar í mönnum. Mikilvægt er að þessi grein laganna misskiljist ekki og það sé skýrt að það er hlutverk sóttvarnalæknis að rannsaka hópsýkingar í mönnum og grípa til viðeigandi úrræða (sbr. 3. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga um opinberar sóttvarnaráðstafanir). Enn skal minnt á að Matvælastofnun og sóttvarnalæknir hafa með sér náð samráð sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 19/1997.

Lagt er til að d-liður 21 gr. greinar hljóði svo:

21. gr.

d. (30. gr. c.)

Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Matvælastofnun skal sjá um samhæfingu aðgerða gagnvart matvælaframleiðendum og dreifingaraðilum matvæla og fódurs þegar upp koma bráðar eða alvarlegar matarsýkingar, matareitranir eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu þegar í stað tilkynna Matvælastofnun um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir. Starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndir skulu jafnframt tilkynna um slík mál til yfirlæknis viðkomandi heilsugæslu eða sóttvarnalæknis, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.



III. KAFLI Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

Um 35. gr. Kveðið er á um að Matvælastofnun hafi 6 umdæmisskrifstofur og við hverja þeirra starfi héraðsdýralæknir. Héraðsdýralæknar skuli eingöngu sinna opinberum eftirlitsstörfum og hafa m.a. eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og lyfjanotkun vegna búfjár, sbr. ákvæði 3. mgr. 11. gr. lyfjalaga. Þá er kveðið á um að þeim beri einnig að hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða í sínum umdæmum.

Hér fer saman eftirlit og framkvæmd. Hvað er átt við með framkvæmd sóttvarnaaðgerða og hvaða valdheimildir hafa héraðsdýralæknar?

Um 38. gr. Ákvæði er um að Matvælastofnun skuli ráða sérgreinadýralækna, m.a. til að annast störf á sviði sóttvarna, dýraverndar, dýralyfja, alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, nautgripasjúkdóma, sauðfjársjúkdóma, loðdýrasjúkdóma, svínasjúkdóma, heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða og inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða og dýra. Í umsögn um 38. gr. er réttilega getið að starf sóttvarnadýralæknis sé afar mikilvægt og má líkja við starf sóttvarnalæknis, nema hvað annað starfið varðar sóttvarnir vegna dýrasjúkdóma og hitt sjúkdóma í mönnum.

Þrátt fyrir þessa samlikingu og með fullri virðingu fyrir henni vantar nokkuð á að þetta frumvarp beri með sér miklar hliðstæður milli lagaskyldna sóttvarnalækna dýra annars vegar og sóttvarnalæknis manna hins vegar. Til að mynda má benda á að staða yfirdýralæknis er aflögð en yfirdýralæknir hefur í áranna rás verið sóttvarnalæknir dýra í reynd.

Haft var samráð við sóttvarnaráð vegna þessara athugasemda.

Virðingarfyllst,

Haraldur Briem
sóttvarnalæknir

Afrit: Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra
Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins
Sigurður Guðmundsson, landlæknir